

Nd.

654. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Nefndin hefir eigi getað orðið sammála. Mun minni hlutinn gera grein fyrir skoðun sinni í sérstöku nefndaráliti.

Frumvarp þetta, sem afgreitt er frá háttv. efri deild, fer fram á nokkrar breytingar á bannlögum frá 1909, sem miða að því, að bæta nokkra galla á lögum, sem komið hafa í ljós, þegar farið var að reyna þau í framkvæmdinni. Meiri hluti nefndarinnar er eindregið þeirrar skoðunar, að rjett sé að halda við bannlögum. Telur rangt að afnema þau að nokkru eða öllu leyti; og sömuleiðis rangt af löggjafarvaldinu að gera ekki sitt til að leiðrjetta þær misfellingur, sem reynslan hefir leitt í ljós, eigi síður á þessum lögum en öðrum landslögum, sem áfátt er að einhverju leyti.

Meiri hlutinn lítur svo á, að það væri til talsverðra bóta, ef frv. næði fram að ganga. Vill breyta frv. efri deildar sem minst til þess að tefja eigi framgang málsins á þinginu. Þó telur meiri hl. rjett, að gera tillögur til nokkurra breytinga, og eru þær tillögur prentaðar hjer á eftir.

Sú skoðun kom fram, að ef til vill væri rjettast að fella burt 1. gr. frv. svo engin breyting yrði á 2. gr. núgildandi laga. En sú varð þó niðurstaðan, að rjett væri, úr því deilan væri risin um það, hvort lækna ættu að hafa rjett til að nota hverskonar áfengi við lækningar, að ganga svo frá því máli nú, að ákvæðin um það væru skýr í sjálfum lögum. Meiri hl. telur of langt farið hjá háttv. Ed. að leyfa læknum takmarkalaust innflutning á hverskonar áfengi. Hins vegar lítur m. hl. svo á, m. a. eftir undirtektunum í háttv. Ed., að það muni ekki vera almennur vilji, að heimila læknum eigi annað áfengi en spiritus. Vill meiri hluti því leggja til, að þeim sje heimilað, að fá þær tegundir áfengis, sem haldið hefir verið fram að nauðsynlegastar sjeu, í deilunum um þetta efni, og af flestum læknum talið fullnægjandi; en rjett þykir meiri hlutanum, að lækna-arnir fái alt áfengi úr lyfjabúðum hjer á landi. Með því móti verður og hægra

að hafa eftirlit með því, að lækna misbrúki ekki áfengið. En slíkt eftirlit er bæði sjálfsagt og nauðsynlegt. Í samræmi við þessa skoðun er breytingartillagan við 1. gr. frv.

Meiri hlutinn er samþykkur ákvæði 1. málgr. 3. gr., en telur þó rjett, að stjórnarráðið geti gefið *fólksflutningaskipum, sem eru í siglingum milli landa*, undanþágu undan þessu ákvæði. Meiri hlutinn lítur svo á, að það geti komið fyrir, að íslensk fólksflutningaskip yrðu of hart úti í samkepninni, ef þeim væri þannig óheimilað að veita áfengi farþegum sínum milli landa, utan við landhelgissvæðið íslenska. Hjer getur eigi orðið um að ræða nema örfá skip. Fjelög þau, sem slík skip ættu, mundu að sjálsögðu eigi fara fram á slíka undanþágu, nema nauðsyn væri vegna hagsmuna fjelagsins. Það mundi stjórnarráðið líta á. Og hér væri um leið siglt fyrir það sker, að hægt væri að segja með sanni, að löggjafarvaldið legði stein í götu fyrir framþróun innlendrar skipaútgærðar, sem alment er talin mjög æskileg.

Meiri hlutinn lítur svo á, að auðvelt sje, með litlum tilkostnaði að bæta svo eftirlit með aðflutningi áfengis, að mjög lítil brögð yrðu að slíkum brotum á bannlögnum. Þetta mætti gera með því að hafa vörð í milliferðaskipum meðan þau liggja á höfnum inni. Slíkur vörður í sambandi við lögregluftirlitið úr landi og í skipunum við komu þeirra, mundi, að álitu meiri hlutans, hefta nær algerlega aðflutning úr slíkum skipum. Meiri hlutinn bar fram hjer í deildinni tillögu um fjárveitingu í þessu skyni. Því miður fjell sú tillaga með litlum atkvæðamun. En meiri hlutinn væntir þess, að lík tillaga verði tekin upp í háttv. Ed. og náí að lokum fram að ganga á þinginu.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr.:
 - a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
 2. gr. laganna orðist svo:
 - b. Fyrir orðin: »Lyfsölum . . . nauðsynlegt til lækninga« komi:

Lyfsölum skal og heimilt að flytja til landsins vinanda og annað áfengi, sem lyfjaskrá heimilar.
 - c. Aftan við gr. bætist:

Jafnskjótt og lög þessi óðlast gildi, skal Stjórnarráðið löggilda til lækninga, með viðauka við lyfjaskrá landsins, þessa áfengisvökva: Rauðvín, Malaga, Sherry, Portvín, Cognac.
2. Við 3. gr.:

Aftan við 1. málsgrein bætist:

Stjórnarráðið getur veitt fólksflutningsskipum, sem eru í siglingum milli landa, undanþágu frá þessu ákvæði, og gilda þá um þau skip ákvæði þessarar greinar um erlend skip.

Neðri deild Alþingis, 30. ágúst 1915.

Jón Magnússon,
form.

Sveinn Björnsson,
skrifari.

Sig. Eggerz,

með fyrirvara að því er snertir undanþáguna fyrir fólksflutningaskip.